

Ed.

42. Frumvarp til laga

[39. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fikniefni nr. 65 21. maí 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Fimmta málsgrein 5. gr. laganna orðist svo:

Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á ólögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bagaleg prentvilla hefur slæðst inn í hina nýju löggjöf um ávana- og fikniefni og hafa lögin birst þannig í Stjórnartíðindum. Nauðsyn ber því til að gera viðeigandi breytingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fimmtu málsgrein 5. greinar laga um ávana- og fikniefni hefur forskeytið ófallið niður við lýsingarorðið lögmætan.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.